

# Skil á hlutafjárupplýsingum til skattyfirvalda


Skatturinn minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjárupplýsingum vegna ársins 2021. Skila skal þessum upplýsingum með **rafrænum hætti** í gegnum gagnaskilakerfi Skattsins á þjónustusíðu á **www.skattur.is**.

Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2021, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2021 og **staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts** af honum. Upplýsingunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2021. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

Í reit 79 skal færa greidda staðgreiðslu af **arði**.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **20. janúar 2022**.

Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil þeirra á skattframtali 2022.



The screenshot shows the Skatturinn website interface. At the top, there is a navigation bar with 'Almennt', 'Framtal', 'Vefskil', and 'Samskipti'. The 'Vefskil' menu is highlighted with a red circle. Below the navigation bar, there are three main service categories: 'Staðgreiðsla', 'Virðisaukaskattur', and 'Gagnaskil'. The 'Gagnaskil' category is highlighted with a red circle, and its sub-menu 'Skrá upplýsingar' is also highlighted with a red circle. Other sub-menus include 'Yfirlit', 'Lesi inn textaskrá (LS)', 'Lesi inn XML skrá', 'Skoða nafnalista', 'Skoða bifreiðalista', 'Talningar', and 'Staðgreiðslusamanburður'. Below these categories, there are three more sections: 'Gistináttaskattur', 'Ársreikningaskrá RSK', and 'Takmörkuð skattskylda'. The 'Ársreikningaskrá RSK' section has a sub-menu 'Skil ársreiknings'.

**Aðgangur að gagnaskilakerfi Skattsins er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) og krefst rafrænna skilríkja eða veflykils.**

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í síma 442 1000.